

Skólaráð Naustaskóla

2. fundur ársins 2014 - þann 5. febrúar 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir og Halla Jóhannesdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Stundaskrárramma næsta vetrar.** Skoðaðar fyrirbyggjandi nemendatölur fyrir næsta vetur. Miðað við þær má gera ráð fyrir 354 nemendum næsta vetur. Miðað við þann fjölda er ekki ástæða til að gera breytingar á stundaskrárramma frá yfirstandandi skólaári, þ.e. skipulagi á tímasetningum kennslustunda, frímínútum, matartímum o.s.frv. Undir þessum lið spunnust töluverðar umræður um framkvæmd og skipulag kennslu þar sem um er að ræða 100 nemenda hóp með 5 umsjónarkennurum eins og stefnir í að verði í 2.-3. bekk næsta vetur.
2. **Valgreinar.** Ekki mikið um að ræða undir þessum lið enn sem komið er nema að í vinnslu eru spennandi hugmyndir um valgreinatilboð frá Verkmenntaskólanum fyrir næsta vetur.
3. **Skóladagatal.** Lögð fram fyrstu drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2014-2015. Gert er ráð fyrir að skóli verði settur fimmtudaginn 21. ágúst og slitið föstudaginn 5. júní. Vetrarfrí verði 24.-27. október og 18.-22. febrúar. Fyrstu drög eru sett upp með nánast sama sniði og yfirstandandi skólaár, engar athugasemdir gerðar, næstu skref er samræming með leikskóla og umræður á kennarafundi.
4. **Læsispróf.** Umræður um niðurstöður læsisprófa í 1.-2. bekk.
5. **Önnur mál** – frestað til næsta fundar.